

RÍKISSTJÓRABRÉF

83

16. des.

um þinglausnir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið að Alþingi, 62. löggjafarþingi, skuli slitið föstudaginn 17. desember 1943.

Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

L Ö G

84

16. des.

um breyting á lögum nr. 19 20. október 1905, um byggingarsamþykktir.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Byggingarsamþykkt má gera fyrir löggilta verzlunarstaði hér á landi, svo og fyrir aðra staði, sem skipulagsskyldir eru samkvæmt lögum um skipulag kaptúna og sjávarþorpa.

2. gr.

Upphaf 6. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykkt skal ákveða, að í löggiltum verzlunarstöðum og öðrum þeim stöðum, sem um getur í 1. gr. þessara laga, skuli stofnuð byggingarnefnd ... o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.